

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 214/2010 um humarveiðar, með síðari breytingum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þrátt fyrir a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 802/2010 er skipum heimilt að stunda humarveiðar til og með 20. desember 2013.

Veiðieftirlitsmenn skulu vera um borð í skipum sem stunda veiðar á þessu tímabili eins lengi og þurfa þykir, samkvæmt nánari fyrirmælum Fiskistofu. Tilkynna skal Fiskistofu um fyrirhugaða brottför eigi síðar en einum virkum degi fyrir upphaf veiðiferðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. nóvember 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.